



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

638. stjórnarfundur þriðjudaginn 29. apríl 2025 kl. 17:00

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Guðmundur Steinarsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Jónína Steinunn Helgadóttir, Garðar Örn Arnarson, Stefán Guðjónsson,

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

A. Tölvupóstur frá skjaladeild Reykjanesbæjar vegna afgreiðslu á erindi félagsins varðandi ósk um betri búningaaðstöðu fyrir knattspyrnudeildina. Málinu vísað til fjárhagáætlunar næsta árs.

3. Send bréf

- A. Tölvupóstur sendur á eignasvið Reykjanesbæjar. Beiðni varðandi bætt loftgæði í lyftingasalnum (Litla sporthúsið).
- B. Tölvupóstur sendur á eignasvið Reykjanesbæjar. Ósk um aðgangsstýringu fyrir íþróttahúsið á Sunnubraut.
- C. Umsókn um styrk vegna skyndihjálparnámskeiðs sem haldið var fyrir þjálfara og stjórn fimleikadeildar. Styrkur samþykktur.
- D. Tölvupóstur sendur á eignasvið Reykjanesbæjar vegna ástands á stúku HS Orku vallar.

4. Körfuknattleiksdeild Keflavíkur

Fundur haldinn með Magnúsi Sverri Þorsteinssyni formanni körfuknattleiksdeildar og farið yfir stöðu deildarinnar.

5. Þorablót

Ný þorablótsnefnd ætti að verða fullskipuð í byrjun næstu viku.

6. Tölvukaup

Samþykkt að kaupa nýja tölvu fyrir íþróttastjóra.

7. Stúkan á HS Orku vellinum

Stúkan á HS Orku vellinum er farin að láta verulega á sjá. Framkvæmdastjóri sýndi myndir. Búið er að senda erindi á Reykjanesbæ um að fá fagaðila til að taka hana út og meta ástand.

8. Herra- og konukvöld Keflavíkur

Herra- og konukvöld Keflavíkur var haldið 23. apríl sl. og tókst mjög vel. Uppselt var á viðburðinn og almenn ánægja hjá gestum kvöldins. Aðalstjórn Keflavíkur þakkar knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild fyrir vel heppnað kvöld.

9. Árskort knattspyrnudeildar

Samþykkt að kaupa árskort fyrir stjórnarfólk aðalstjórnar á heimaleiki fyrir sumarið 2025.

10. Önnur mál

- A. Umræða um litahlaup á vegum Keflavíkur í júní. Framkvæmdastjóri skoðar málið.
- B. Umræða um rafrettur og nikotínþúða. Ákveðið að framkvæmdastjóri sendi áskorun til ÍSÍ og UMFÍ að vera með forvarnarátak.

Fundi lokið kl. 18:30

Næsti fundur verður þriðjudaginn 13. maí kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.